

# Upplýsingatækni í skólastarfi - Lýsing námskeiða

## Undirbúningsnámskeið: Grunnatriði Excel og Word (án eininga)

Farið verður yfir helstu grunnatriði Excel og Word forritanna. Þetta námskeið er ætlað þeim sem lítið eða ekkert hafa unnið með forritin, en einnig til upprifjunar fyrir þá sem þurfa.

### Námskeið 1: Microsoft Office og Teams (2 ECTS)

Fjallað verður um Microsoft Office hugbúnaðinn og samspil hinna ýmsu hluta hans.

Unnið verður með eftirfarandi hluta Office hugbúnaðar:

- Notkun Teams til netfunda og hvernig tæknimál þeirra má leysa á sem bestan hátt.
- Notkun Teams til geymslu og miðlunar gagna.
- Hvernig má nota Planner, Forms og OneNote m.a. í tengslum við Teams.
- Kynntar verða stuttlega samsvarandi lausnir frá Google.

Kynnt einföld tæki verkefnastjórnunar og þau notuð við verkefnavinnu.

Auk þessa verða kynnt nokkur smáforrit/öpp sem gott getur verið að nota.

### Námskeið 2: Ritvinnsla og vefir (2 ECTS)

Kafað verður undir yfirborð Microsoft Word ritvinnslu og m.a. unnið með:

- Myndir og töflur
- Efnisyfirlit og kaflanúmer
- Helstu umbrotsmöguleika
- Möguleika Word við heimildavinnu

Einnig verður kynnt:

- Vefgerð í Wordpress og búnar til einfaldar vefsíður.
- Notkun raddinnsláttar (e. dictation) fyrir íslensku og önnur tungumál í bæði Google og Office.

Einföld tæki verkefnastjórnunar notuð við verkefnavinnu.

Auk þessa verða kynnt nokkur smáforrit/öpp sem gott getur verið að nota.

### Námskeið 3: Excel fyrir lengra komna (2 ECTS)

Kafað verður undir yfirborð Microsoft Excel töflureiknis og m.a. unnið með:

- Excel til greiningar og skipulags gagna
- Líkanagerð og töflur
- Myndræn framsetning gagna

- Nokkur innbyggð föll (e. function)
- Einföld tölfræði með Excel

Einnig verður kynntar stuttlegra Pivot töflur og gröf.

Einföld tæki verkefnastjórnunar notuð við verkefnavinnu.

Auk þessa verða kynnt nokkur smáforrit/öpp sem gott getur verið að nota.

#### Námskeið 4: Myndræn framsetning og vídeo (2 ECTS)

Kynnt verða forrit og öpp fyrir myndræna framsetningu efnis.

Unnið verður m.a. með:

- Klipping á einföldu myndbandsefni
- Upptökur frá Teams fundum/kennslustundum
- Einfaldar upptökur á kennsluefni svo sem með því fram fer á tölvuskjá
- Ýmsa aðra möguleika í myndrænni framsetningu með forritum Microsoft Office

Einföld tæki verkefnastjórnunar notuð við verkefnavinnu.

Auk þessa verða kynnt nokkur smáforrit/öpp sem gott getur verið að nota.